


# Bjóðum ömmu og afa í ferðalag



# Bjóðum ömmu og afa í ferðalag

Byrjum bíltúrinn á að fara á Þingvelli, njótum náttúrunnar og kíkjum á margmiðlunarsýninguna í fræðslumiðstöðinni á Hakinu - [www.thingvellir.is](http://www.thingvellir.is)

Næsta stopp er Laugarvatnshellar en þar er hægt að fá leiðsögn og fræðslu um hellana - [www.thecavepeople.is](http://www.thecavepeople.is)

Á þriðja stoppi er gott að koma við í Hólabúðinni á Laugardalshólum og versla í matinn beint frá býli - <https://www.facebook.com/Laugardalsholar-107134037319278>

Tilvalið er að koma við í fjósinu á Efsta-Dal og fá sér ís og kaffi. - [www.efstidalur.is](http://www.efstidalur.is)

Eftir ísinn er förinni heitið á Geysi, þar er möguleiki á að ganga upp Laugarfellið til að fá gott útsýni yfir svæðið. - <http://www.sveitir.is/media/23/laugarfell-vid-geysi-converted.pdf>

Næst er Haukadalsskógur sem er tilvalið fyrir nestisstopp og sögustund af Bergþór í Bláfelli. - <https://www.skogur.is/is/thjodskogar/sudurland/haukadalsskogur>, - <http://www.sveitir.is/media/23/blafell-converted.pdf>

Svo er komið að því að stoppa á Gullfossi og fræðast um hana Sigríði í Brattholti.

Næst er er skemmtilegt að renna upp að Hruna, skoða kirkjuna og rifja saman upp þjóðsöguna um „Dansinn í Hruna“

Þaðan er stutt í Samansafnið á Sólheimum og/ eða heimsækja Dúkkusafnið á Flúðum - [www.facebook.com/samansafnið](http://www.facebook.com/samansafnið)

Að lokum er upplagt að fara í Flúðasveppi og kynnast framleiðslunni og smakka. - <https://www.farmersbistro.is>

# Bjóðum ömmu og afa í ferðalag



# Bjóðum ömmu og afa í ferðalag

Byrjum bíltúrinn á að fara á Þingvelli, njótum náttúrunnar og kíkjum á margmiðlunarsýninguna í fræðslumiðstöðinni á Hakinu - [www.thingvellir.is](http://www.thingvellir.is)

Þaðan er förinni heitið að Þrastarlundi, þar er hægt að fá sér göngutúr í Þrastarskógi og jafnvel kaffibolla. -<https://www.facebook.com/thrastalundur/>

Næsta stopp er Borg, hægt er að skoða Gamla Félagsheimilið og koma við í Verzluninni Borg.

Þá er upplagt að eiga gæða stund á Sólheimum í skemmtilegu umhverfi. Jafnvel fá sér kaffi og köku á Grænu Könnunni. - [www.solheimareco.is](http://www.solheimareco.is)

Eftir skemmtilegt stopp á Sólheimum er stefnan tekin í átt að Laugarási. Þar er hægt að skella sér í Slakka enda margt að sjá og skoða. - <https://www.facebook.com/slakki>


Litið er við í Skálholti sem er tilvalin staður fyrir sögustund og fræðslu. - <https://www.skalholt.is/>

Þá liggur ferðin í Reykholt, þar eru frábærir veitingarstaðir bæði Friðheimar og Kaffi – Mika.

- <https://www.fridheimar.is/> - <https://mika.is/>

Gaman er að kíkja við í Daga garðyrkjustöðinni og fá sér gómsæt ber beint frá bónda eða kíkja við í Bjarnabúð.

Tilvalið er að bóka sér gistingu á Hótel Grímsborgum til að lengja dvölinu. Þar er boðið upp á afslætti fyrir afa og ömmur.





# Bjóðum ömmu og afa í ferðalag

Byrjum bíltúrinn á að stoppa í Árborg og kaupa nesti

Næsta stopp er Skaftholtsréttir en það réttastæði er talið vera það elsta á Íslandi

Frábær útsýnisstaður er á leiðinni ef þú keyrir upp á Gaukshöfða og er þar góð aðstaða fyrir nestisstopp og víðsýnt yfir allan Þjórsárdalinn.

Eftir nestispásuna er förinni heitið að Hjálparfossi

Frá Hjálparfossi er stutt yfir í Þjóðveldisbæinn. Þar er hægt að fá leiðsögn og upplifa hvernig lífið var í gamla daga.

*<http://www.thjodveldisbaer.is/>*

Í framhaldinu er tilvalið að skoða rústir af fyrrum höfuðbýli Stöng.

Þaðan liggur leið í Gjáanna sem er ein af náttúruperlum Þjórsárdals.

Ganga um Þjórsárdalsskóginn er ávallt skemmtileg og hressandi.

Áður en heim er haldið er upplagt að kíkja við í Korngrís og versla kjöt beint af bónda.